

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 528 4. september 1998.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðast svo:

Ökutæki má ekki vera lengra en hér segir:

- | | | |
|----|---|---------|
| a. | Bifreið, önnur en hópifreið | 12,00 m |
| b. | Hópifreið með fleiri en tvo ása | 15,00 m |
| c. | Hópifreið með tvo ása | 13,50 m |
| d. | Eftirvagn | 12,00 m |
| e. | Hópifreið með eftirvagn | 18,75 m |
| f. | Vagnlest, bifreið með festi- eða hengivagni | 20,00 m |
| g. | Vagnlest, bifreið með tengivagni | 22,00 m |
| h. | Liðvagn | 18,00 m |

2. gr.

10. gr., sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 834/2001, breytist þannig:

- Í stað orðsins „Skráningarstofan hf.“ í 1. mgr. kemur: Umferðarstofa.
- Í stað dagsetningarinnar „15. nóvember 2003“ kemur: 15. maí 2004.

3. gr.

Fjórða þankastrik í a. lið 15. gr. orðast svo:

– loftþrýstingur í hjólbarða sé takmarkaður að hámarki við 7 bör eða 102 psi í hjólbörðum framása og 6 bör eða 87 psi í hjólbörðum afturása, mælt í köldum hjólbarða eftir ástandi vegar, gerð ökutækis og kröfum veghaldara.

4. gr.

20. gr. breytist þannig:

- Á eftir orðunum „tilskipun 96/53/EB“ í 1. mgr. 20. gr. kemur: með síðari viðbót 2002/7/EB.
- Á eftir orðunum „bls. 55-73“ í 2. mgr. kemur: og 67. hefti 2002, bls 47.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 75. og 76. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum, til innleiðingar á tilskipun 2002/7/EB, sem vísað er til í lið 15a, viðauka XIII, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2002, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. nóvember 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.